

Ágætu foreldrar/forráðamenn barna í Grunnskóla Seltjarnarness

Við bjóðum ykkur velkomin til samstarfs skólaárið 2015-2016. Við byrjum skólaárið sem fyrr með viðtölum við nemendur og foreldra. Almenn ánægja hefur verið með þetta fyrirkomulag og því munum við halda því áfram.

24. og 25. ágúst munu nemendur í 2.-10. bekk mæta ásamt foreldrum í viðtöl til umsjónarkennara Eftir hádegi, mánudaginn 17. ágúst, munu umsjónarkennarar opna fyrir viðtalstíma á Mentor, þar sem foreldrar velja sér tíma til að koma í viðtölin. Umsjónarkennarar munu senda heim eyðublöð sem við vonumst til að foreldrar aðstoði börn sín við að fylla út. Ef einhverjir geta ekki prentað út heima er hægt að sækja útprentuð eyðublöð á skrifstofu skólans.

Foreldrar 1. bekkinga fá bréf frá umsjónarkennaranum með upplýsingum um viðtalstímann o.fl.

Megintilgangurinn með þessum viðtölum er að auka ábyrgð nemenda á eigin námi og þjálfu þá í að leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu auk þess að setja sér markmið. Þetta fyrirkomulag gefur foreldrum og nemendum einnig tækifæri til ræða við umsjónarkennara í upphafi skólaárs um eitt og annað sem þeim liggur á hjarta.

Nemendur í 1. – 6. bekk mæta á sal Mýrarhússkóla kl. 8:10 miðvikudaginn 26. ágúst þar sem skólinn verður settur. Kennsla hefst að athöfn lokinni.

Nemendur í 7.-10. bekk mæta á skólasetningu í Miðgarð Valhúsaskóla, miðvikudaginn 26.ágúst kl. 8:40. Kennsla hefst að athöfn lokinni.

Listar yfir námsgögn eru komnir á heimasíðu skólans.

Við bendum á að við erum rétt í þessu að opna fyrir fésbókarsíðu fyrir Grunnskóla Seltjarnarness.

Með góðri kveðju, skólastjórnendur